

**Nr. 037 / 11 Sverrir SH 126*****Leki kemur að bátnum***

Skipaskr.nr. 2406  
IMO nr. 0  
Smíðaður: Hafnarfirði 2000 plast  
Stærð: 8,5 brl. 8,3 bt.  
Mesta lengd: 9,56 m Skráð lengd: 9,5 m  
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,2 m  
Vél: Yanmar 275 kW 2000  
Fjöldi skipverja: 3



Sverrir ©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. apríl 2011 var Sverrir SH 126 á grásleppuveiðum vestan við Önglaboða á Breiðafirði. Veður: Logn

Skipstjóri veitti því athygli að lensidæla í vélarrúmi var farin að ganga mikið og í ljós kom leki í vélarúminu. Hann lét strandstöð vita af þessu og bátsverjar fundu að lekinn kom frá gúmmíhosu utan um stefnisröralegu. Þeir vöfðu gúmmíþynnu þétt utan um hosuna og við það stöðvaðist lekinn.

Björgunarskipið Björg var lögð af stað til Sverris SH en var snúið frá.

**Við rannsókn kom fram:**

- að hosan sem gatið kom á var gormalöguð;
- að ekki er ljóst hvernig gat kom á hosuna en hún var u.þ.b. þriggja ára gömul og var heil að sjá fyrir utan gatið;
- að báturinn fékk í skrúfuna nokkrum dögum áður og er hugsanlegt að högg hafi þá komið á hosuna;
- að lekaviðvörðun var í vélarúminu en það var ekki kominn það mikill sjór í vélarúmið að hún færi í gang.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.